

Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, efnisverkfræðingur, lauk B.Sc.-prófi í eðlisfræði frá Háskóla Íslands árið 1994 og M.Sc.-prófi frá sama skóla 1996. Hún lauk doktorsprófi í efnisverkfræði frá NTNU í Þrándheimi í Noregi árið 2002.

Guðrún vann að rannsóknum við Háskóla Íslands á árunum 2002-2008, var dósent í varma- og straumfræði við sama skóla 2006-2008, hún var formaður VOR, vettvangs orku og stóriðjurannsókna við Verkfræðistofnun HÍ og jafnframt framkvæmdastjóri Orku- og tækniskóla Keilis. Guðrún hefur starfað við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2008. Hún var deildarforseti á árunum 2012-2018 og er nú prófessor við Verkfræðideild skólans.

Guðrún hefur á ferli sínum sameinað djúpa fræðilega þekkingu og sterka sýn á mikilvægi raungreina og verkfræðimenntunar fyrir samfélagið. Rannsóknir hennar hafa beinst að varmafræði, orku og orkuumbreytingu og þá sérstaklega verkefnum sem miða að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Nýsköpun, sjálfbærni og ábyrgð hafa verið leiðarstefin í rannsóknum Guðrúnar.

Guðrún hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum og hefur tekið virkan þátt í stefnumótandi umræðu um orkumál. Hún var formaður starfshóps um mótun orkustefnu fyrir Ísland og á sæti í verkefnisstjórn um Rammaáætlun. Með framlagi sínu hefur hún stuðlað að því að rödd verkfræðinga heyrist í samfélagslegri umræðu.

Guðrún sat um árabil í stjórn Verkfræðingafélags Íslands og vann ötullega að endurskoðun siðareglna félagsins og kynningu á þeim. Hún hefur verið traustur liðsmaður í félaginu og ávallt viljað veg þess sem mestan.